

Stafrænt ráð 14. desember 2022: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mælaborð uppbyggingar á vefsíðu Reykjavíkurborgar - PON22120030

Þann 10. nóvember sl. var sett í loftið mælaborð uppbyggingar húsnæðis á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Nú hefur Húsnæðis og mannvirkjastofnun sett í loftið sitt mælaborð sem er rauntímauppbygging á húsnæði á landinu öllu. Nú stemma ekki tölurnar á mælaborði Reykjavíkurborgar við tölurnar í mælaborði Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Byggja tölurnar sem eru á mælaborði Reykjavíkurborgar ekki á mannvirkjaskrá HMS? Er einhver tenging á milli gagnagrunns HMS við mælaborð Reykjavíkurborgar? Hver er útskýringin á því að þessi mælaborð stemma ekki? Afhverju var tekin ákvörðun um að ráðast í kostnað við að búa til sitt eigið mælaborð samhliða þeirri miklu þróun sem að HMS hefur verið í um sama mál?